

- 54**
7. maí að öðlast gildi 1. septbr. 1902. Þetta kunngjörst hjer með öllum hlutaðeigendum til eptirbreytni.

Íslands Norður- og Austuramt.

Akureyri 7. maí 1902.

Páll Briem.

Auglýsing

55

22. maí

um breyting á 19. gr. Ferjulaga fyrir Árnessýslu, 17. maí 1901.

1. Eptir orðin: »klyffjar af hesti, ef fleiri eru Kr. 0,20«, bætist: »Fyrir flutning, er nemur 40—120 pd. . . . Kr. 0,10«.
2. Stöðasta málsgrein: »Ferðamaður, sem« o. s. frv., verður þannig: »Ferðamaður, sem flytur farangur eða skepnur, svo nemi 1 kr. ferjutolli eða meiru, þarf ekki að borga ferjutoll fyrir sjálfan sig eða þá menn, sem hann hefir með sjer til nauðsynlegrar aðstöðar«.

Framanrituð breyting á 19. gr. hinna guldandi ferjulaga fyrir Árnessýslu, 17. maí 1901, sem sýslunefndin þar hefir samið og samþykkt, er hjer með staðfest af undirskrifuðum amtmanni, samkvæmt kgsbr. 29. apríl 1776, 6. gr. til þess að öðlast gildi 1. ágúst 1902, og kunngjörð öllum hlutaðeigendum til eptirbreytni.

Suðuramtið, Reykjavík, 22. maí 1902.

J. Havsteen.

56

12. maí

Reglugjörð

fyrir

Vesturísafjarðarsýslu um notkun afrjetta, fjallskil, rjettahöld o. fl.

Amtsráðið í Vesturamtinu

Gjörir kunnugt: Samkvæmt lögum 22. marz 1890, um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda, og lögum 24. nóvbr. 1893, um breyting á 3. gr. í fyrnefndum lögum, 22. marz 1890, er hjer með staðfest og löggilt eptirfarandi

Reglugjörð

fyrir Vesturísafjarðarsýslu um notkun afrjetta, fjallskil, rjettahöld o. fl., sem samin er af sýslunefndinni þar og skal reglugjörðin öðlast gildi 1. septbr. 1902.

I. kafli um fjármörk.

1. gr.

Sjerhver fjáreigandi er skyldur til að hafa glögg mark á fje sínu, en

eigi hann kindur með vafamarki, sem hann ekki getur markað undir sitt fjár- **56**
mark, er hann skyldur að vorinu að lýsa skriflega fyrir hreppsnefndinni marki **12. maí**
og auðkenni á þeim kindum, ella getur hann ekki haft lögmætt tilkall til þeirra
að haustinu; einnig er hver sá, sem tekur upp nýtt mark, skyldur að tilkynna
það hreppsnefndinni, sömuleiðis er hreppsnefndinni skylt að tilkynna það hrepps-
nefndunum í næstu hreppum.

2. gr.

Markaskrá fyrir sýsluna skal semja að minnsta kosti 5 hvert ár, og
annast hreppsnefndir, hver í sínum hreppi, undirbúning hennar eptir fyrirskip-
un sýslunefndarinnar. Fyrir að láta innfæra mark sitt í markaskrána greiðir
hver markeigandi í hvert skipti 10 auru til hreppsnefndarinnar; rennur gjald
þetta í sýslusjóð, og skal afhent oddvita sýslunefndarinnar um leið og marka-
skráin.

3. gr.

Enginn má marka kindur í lögrjettum, nema með samþykki rjettarbónda
og undir umsjón hans.

II. kafli um geldfjárrekstur á afrjett og fjalllönd á vorin.

4. gr.

Hreppsbúar í þeim sveitum, þar sem nægileg afrjettarlönd eru, skulu,
ef þeir að áliti hlutaðeigandi hreppsnefnda ekki eiga nægilegt fjalland fyrir sig
sjálfa, skyldir að reka á afrjett að vorinu allt gjeldfje sitt.

5. gr.

Þar sem tveir eða fleiri búendur leyfa upprekstur, og liggi beitarlönd
þeirra saman, svo að fje gangi í löndunum á víxl, þá taki hver beitartoll eptir
fjárfjölda og jarðarhæð, og hefir viðkomandi hreppsnefnd leyfi til að takmarka
hve margt fje þeir megi taka af öðrum, þyki henni útlit fyrir, að löndin verði
sett í bittröð.

6. gr.

Öll fráfærulömb skulu að vorinu setin heima eða í upprekstrarlandi ekki
skemur en þrjá sólarhringa, eptir að þeim er fært frá.

III. kafli um fjallgöngur á haustum.

7. gr.

Fyrsti leitardagur skal vera mánudagurinn í 22. viku sumars. Þó skal
í Mosvallahreppi og Suðureyrarhreppi hafa aukaleit í 21. viku sumars sama dag
og leitir í Norðursýslunni fara fram. Um það, hve opt skal leita, fer eptir fyr-
irmælum hreppsnefndar, og hefir hún heimild til, hver í sínum hreppi, að kalla
menn til aukaleita, þegar hún álitur þess þörf.

8. gr.

Sjerhver fjäreigandi skal skyldur undantekningarlaust að gera fjallskil í

56 hreppi sínum, eptir því sem hreppsnefndin nákvæmara fyrirskipar í fjallskila-
 12. maí seðlinum, er hún skal hafa sent á hvert heimili í hreppnum fyrir hinn ákveðna leitar-
 dag.

9. gr.

Skýlt skal hverjum búanda að reka til næstu lögrjettar allan þann fjen-
 að, sem ekki tilheyrir heimili hans, nema því að eins, að hann viti hver eig-
 andinn er, og hann sje nær en lögrjettin.

10. gr.

Reki utansveitarmenn geldfje að vorinu í sveitina til hagagöngu, eru
 þeir eins og sveitarmenn skyldir að hlýða ráðstöfunum hreppsnefndarinnar, við-
 víkjandi reglum þessum um göngur o. fl.

11. gr.

Hver sem skorast undan að gegna hreppsnefndinni, viðvíkjandi tillagn-
 ingu manna í göngur, hvort heldur er utan eða innan sveitar, sektist um 2
 krónur til viðkomandi sveitarsjóðs, og borgi að auki manni þeim, er kann að
 verða tekinn til að gegna starfa hans.

IV. kafli um rjettir.

12. gr.

Í hverjum hreppi sýslunnar skal vera að minnsta kosti ein lögrjett. Þó
 er hreppsnefnd heimilt að ákveða fleiri lögrjettir, þar sem svo sjerstaklega til
 hagar, að þess álízt þörf, aldrei þó fleiri en 3 lögrjettir í hverjum hreppi, og
 tiltekur hún rjettarstaðinn. Lögrjettir skulu haldast þar er verið hafa, nema
 sýslunefnd samþykki breytingu. Hreppsnefnd tilkynnir næstu hreppsnefndum
 hvar lögrjettir sjeu, og skipar fyrir um bygging þeirra.

13. gr.

Valdi bygging lögrjettar grasnámi eða jarðusla, skal ef þess verður
 krafízt endurgjalda landráðanda það af hlutaðeigandi sveitarsjóði, eptir mati
 tveggja óvilhallra manna, sem rjetturinn útnefnir.

V. kafli um óskilafje.

14. gr.

Óskilafje það, sem enginn finnst eigandi að, skal af hreppstjóra selt um
 veturnætur við opinbert uppboð, er auglýst hefir verið í hreppnum, og annast
 hreppsnefndin um að öllu óskilafje, sem seljast á, sje komið á einn hentugan
 stað í hreppnum til þess uppboðs. Komi óskilafje fram síðar, skal því komið á
 heimili hreppstjóra til sölu. Andvirði þessa fjár afhendið gjaldkera hreppsins,
 og sendir hreppstjóri sýslumanni tölu og lýsingu þess fjár, sem selt er og ann-
 ast hann um auglýsingu þess; geta svo rjettir eigendur vitjað andvirðis þess til
 nefndarinnar að frádregnum kostnaði, en um andvirði þess fjár, sem enginn
 finnst eigandi að, fer sem lög til segja.

15. gr.

56

Hreppsnefndin annast um geymslu óskilafjár og sendir lýsingu þess svo 12. maí fljótt sem auðið er til næstu hreppsnefnda.

16. gr.

Fyrir vöktun á óskilafje skal greiða fyrir hverja kind fjóra aura um sólarhringinn, þó aldrei yfir 1 kr. á kindina alls.

17. gr.

Hreppsnefndin annast um, að hjá hverjum rjettarbónda sje markaskrá sýslunnar, og markaskrár nærliggjandi sýslna, þar sem þörf gerist.

18. gr.

Greiða skal vöktunarkostnað óskilafjár, þegar þess er vitjað, annars er geymanda heimilt, að halda því, að minnsta kosti svo miklu af því sem geymslu-kostnaðinum nemur; og skal þannig kyrsett fje selt af hreppstjóra við opinbert uppboð og greiðir hann vöktunarkostnaðinn af andvirði þess, en stendur eiganda skil á afganginum að frádregnum uppboðskostnaði.

Amtsráð Vesturamtsins, Reykjavík 12. maí 1902.

J. Havsteen.

57

24. maí

Samþykkt

um

verndun og notkun skóga í Vesturbarðastrandarsýslu.

Amtmaðurinn yfir Suður- og Vesturömtunum gjörir kunnugt: Samkvæmt lögum 13. apríl 1894, um samþykktir til að friða skóg og mel, er hjermeð staðfest eptirfylgjandi

Samþykkt

um verndun og notkun skóga í Vesturbarðastrandarsýslu, og skal samþykktin, sem samin er af sýslunefndinni í nefndri sýslu, og sem hjeraðsfundur hefir fallizt á, öðlast gildi 1. ágúst 1902.

1. gr.

Allur skógur í Vesturbarðastrandarsýslu, hverju nafni sem nefnist, skal hjereptir vera friðaður samkvæmt reglugjörð þessari.

2. gr.

Sýslunefnd útnefnir svo marga skóggæzlumenn, sem henni þykir við þurfa eptir mergð og stærð skóglendaanna. Skal að minnsta kosti einn skóggæzlumaður skipaður til að gæta hvers skóglendis og hafa umsjón með notkun